

Olíudreifing ehf.  
Hólmaslóð 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2024  
UST202303-105/R.S.  
08.04

### **Efni: Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Olíudreifingar ehf., Örfirisey**

Vísað er til umsóknar Olíudreifingar ehf. um endurnýjun á starfsleyfi, dags. 9. mars 2023, og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var fyrir olíubirgðastöð í Örfirisey, Reykjavík. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 2. nóvember 2023.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 12. janúar til og með 19. janúar sl. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að framlengja starfsleyfi olíubirgðastöðvarinnar. Gildistími starfsleyfisins er til 31. janúar 2024. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 31. janúar 2025.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson  
**sviðsstjóri**

Rakel Sæmundsdóttir  
**sérfræðingur**